

Mánudaginn 3. dag aprilmán.

Nr. 11/1910:

Sigurður Jónsson

gegn

skólanefnd og hrepps-
nefnd Hólshrepps.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Sigurður Jónsson barnakennari í Bolungarvík höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Ísafjarðarsýslu gegn skólanefnd og hreppsnefnd Hólshrepps og krafðist þess, að nefndir þessar fyrir hönd hreppsins yrðu dæmdar til að greiða sér umsamið kennarakaup frá 1. okt. 1909 til 30. apr. 1910, 80 krónur á mánuði, eða alls 560 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi unz goldið yrði, og málskostnað að skaðlausu, en með dómi nefnds réttar uppkveðnum 15. febr. f. á. voru hinar stefndu nefndir sýknaðar af kærum og kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim 40 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir áfrýjandinn með stefnu dags. 14. marz f. á. skotið til yfirdómsins og gjört þar hinar sömu kröfur og fyrir gestaréttinum, að viðbættri kröfu um málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Svo hefir og málflutningsmaður áfrýjanda krafist ómerkingar á nokkrum ummælum í varnarskjöllum stefndu og sekta fyrir þau á hendur málfærslumanni þeirra.

Hinir stefndu hafa fengið gjafvarnarleyfi fyrir yfirdómi, dags. 14. maí f. á., og skipaðan málflutningsmann; hefir hann fyrir þeirra hönd krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, eins

og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málsvarn-
arlaun til sín.

Á meðferð málsins fyrir gestaréttinum hefir orðið sá
galli, að sátta í því hefir verið leitað áður en réttarstefn-
an var lögð fram, en með því að gjöra má ráð fyrir, að
sáttatilraun hafi þó verið gjörð um sakarefnið sem til-
greint er í stefnunni, þykir eigi nauðsynlegt fyrir þessa
sök að vísa málinu ex officio frá undirréttnum.

Þegar lög nr. 59 22. nóv. 1907 um fræðslu barna
gengu í gildi, hafði áfrýjandi nokkur ár verið aðalkennari
við barnaskóla Hólshrepps í Bolungarvík samkvæmt munn-
legum samningi við skólanefnd hreppsins. En í 23. gr.
nefndra laga er það skilyrði meðal annars sett fyrir styrk-
veitingu úr landssjóði til heimangönguskóla, að kennarar
við þá séu ráðnir með skriflegum samningi. Til að full-
nægja þessu skilyrði samdi skólanefndin uppkast að ráðn-
ingarsamningi við áfrýjanda 2. okt. 1908, en samningur
þessi var þá eigi, þótt hann sé dagsettur þann dag, að
sögn skólanefndar undirskrifaður af henni né áfrýjanda,
og dróst það fram eftir vetrinum, mest vegna veikinda
áfrýjanda. En er hann var kominn á fætur, hélt skóla-
nefndin fund til að fullgera samninginn og boðaði áfrý-
janda á fundinn, en þó að hann kæmi ekki, ritaði nefndin
undir samninginn og samrit eða eftirrit af honum í gjörða-
bók sinni, ætlaðist hún til, að áfrýjandi ritaði undir hvort-
tveggja og fól formanni sínum að annast það. Í janúar-
mán. 1909 fór formaður með samninginn og gjörðabók-
ina til áfrýjanda til þess að fá undirskrift hans, en áfrý-
jandi tók þá til sín samninginn, án þess að undirskrifa
hann eða gjörðabókina, en lofaði að koma síðar heim til
formanns og skrifa undir bókina. Af þessu varð þó

aldrei, en eftir þetta tók samlyndi og samvinna nefndarinnar og áfrýjanda mjög að spillast, og þegar fram leið á vorið þótti áfrýjanda eigi mega standa lengur við svo búið, tjáði hann þá hreppsnefndinni frá málavöxtum, og kvaddi hún skólanefndina og áfrýjanda á fund með sér 31. maí. Á þeim fundi bar áfrýjandi sakir á skólanefndina, gaf í skyn að hún hefði gjört afglöp, er gætu varðað skólann missi styrksins úr landssjóði, og bar fyrir sig álit lögfræðings í því efni; lauk svo, að skólanefndin beiddist lausnar frá starfa sínum, en síðar stendur í fundargjörðinni: »engar skýringar komu fram til þess að skólanefndin þyrfti að segja af sér, en fyrir ósk yfirkennarans og hótanir voru 4 hreppsnefndarmenn með því að samþykkja beiðni skólanefndarinnar«. Með því að skólanefndin hugði, að ákæra áfrýjanda um vanrækslu af hennar hendi, er varðað gæti missi landssjóðsstyrksins, ætti við það, að áfrýjandi hefði þá eigi enn skrifað undir ráðningarsamninginn, sem því væri ófullgjörður, svo að fyrgreindu skilyrði fræðslulaganna fyrir styrkveitingu væri eigi fullnægt, fór hún heim til áfrýjanda 6. júní og beiddi hann að skrifa undir samninginn, en áfrýjandi gaf ekkert út á það, sagðist eiginlega ekki viðurkenna skólanefnd þessa, með því að hún hefði sagt af sér og fengið lausn á fundinum 21. maí; fékk nefndin eigi önnur svör hjá honum og fór við svo búið. Sama dag var hreppsfundur haldinn í Hólshreppi, og bar skólanefndin þar fram tillögu um að áfrýjanda væri vikið frá kennarastarfinu og lýsti vantrausti sínu á honum; var tillagan samþykkt með 28 atkv. gegn 12. Áfrýjandi var viðstaddur á fundinum og mótmælti tillögunni en endurtók kærur sínar á hendur skólanefndinni um afglöp, er hún hefði framið, og las upp lögfræðingsvottorð því til

stuðnings, en fekst þó ekki til að láta uppi hver þessi afglöp væru, þó að á hann væri skorað um það. Síðar í júnímánuði fann áfryjandi umsjónarmann fræðslumálanna, Jón Þórarinsson, að máli á Ísafirði, og bar sig upp við hann út af því, að skólanefndin beitti sig órétti; hefir umsjónarmaðurinn í skjali dags. 17. júní f. á. látið uppi yfirlýsingu, er málsaðilar hafa komið sér saman um að telja jafngilda sem staðfestan vitnisburð, um viðtal þeirra áfryjanda og önnur afskipti sín af þessu máli. Í skjali þessu skýrir umsjónarmaðurinn svo frá, að áfryjandi hafi eigi greitt sér ákveðið svar við þeirri spurningu, hvort hann hefði verið að öllu samþykku ráðningarsamningnum eða skrifað undir hann með nefndinni; að sér hafi virst aðal-erindi áfryjanda til sín vera, að leita ráða um það, hvort hann gæti ekki krafist launa sinna samkvæmt samningnum, þó að hann kengi ekki næsta ár við skólann, að hann (umsjónarm.) hafi ráðið áfryjanda frá málssókn, en til þess að reyna heldur að jafna miskliðina, og hafi það orðið samkomulag þeirra, að umsjónarmaður færi til Bolungarvíkur og reyndi að miðla málum við hreppsnefndina og skólanefndina; að áfryjandi hafi lýst því yfir við sig, að hann ætlaði ekki að hafa á hendi kenslu við skólann, nema þeirri skólanefnd, sem þá var, væri vikið frá, því hann gæti ekki unnið saman við hana, og veitt sér heimild til að láta nefndirnar vita þetta, sem hann og hafi gjört, er hann skömmu síðar átti fund við þær um málið, en hreppsnefndin hafi þá eigi talið sér fært að veita skólanefndinni lausn, og hafi því að hans áliti ekki átt annars kost en að láta áfryjanda fara.

Á þessum fundi samþykkti þá hreppsnefndin, að skólanefndin héldi áfram störfum sínum lögákveðinn tíma, en

auglýsti kennarastarfið laust til umsóknar. Þó að skólanefndin eftir þetta liti svo á, að áfryjandi hefði sagt af sér kennarastarfinu, sendi hún honum þó bréflæga uppsögn 15. ág., með því hún hafði heyrt eftir honum, að hann teldi eigi óhugsandi, að hann yrði framvegis kennari við skólann í Bolungarvík.

Í ráðningarsamningnum 2. okt. 1908 var áfryjanda heitið 80 kr. mánaðarkaupi og áskilinn 7 mánaða uppsagnarfrestur af hálfu skólanefndar. Á þessu byggir hann kröfur sínar um að fá greiddar 7×80 kr., eða 560 kr., með því að sér hafi verið sagt upp kennarastarfinu heimildarlaust og í ótíma. Af hálfu hinna stefndu er því hinsvegar haldið fram, að samningurinn frá 2. okt. hafi aldrei náð gildi, með því að áfryjandi hafi eigi undirskrifað hann fyr en um það leyti, er mál þetta hófst, og því eigi verið bundinn við hann, en þá hafi skólanefndin ekki verið það heldur, að áfryjandi hafi með yfirlýsingu sinni bæði á fundinum 31. maí, og við umsjónarmann fræðslumáanna um að hann gæti ekki verið við skólann, nema því að eins, að skólanefndin færi frá, sagt af sér kennarastarfinu, úr því nefndu skilyrði var ekki fullnægt, og að framkoma áfryjanda við yfirboðara hans, skólanefndina, hafi verið þannig vaxin, að réttmætt hafi verið að segja honum upp stöðunni fyrirvaralaust.

Þess er áður getið, að áfryjandi tók við ráðningarsamningnum, án þess að skrifa jafnframt undir hann sjálfur, og það er óvafengt, að skólanefndinni hafi, áður en málið var höfðað, verið ókunnugt um, hvort hann hefði gjört það. Þegar nefndin kom til áfryjanda 6. júní til að fá undirskrift hans, svaraði hann henni engu um það, og viðbára hans, að skólanefndin hefði fengið lausn, og hefði

ekki heimild til að skifta sér af því máli, var ástæðulaus, því þótt nefndin hefði fengið lausn á fundinum 31. maí, sem þó eigi varð raun á, þá bar henni að skila af sér nefndarstarfinu þannig, að löglega væri frá því gengið, en það gat nefndin því að eins, að hún hefði gjört gildan skriflegan ráðningarsamning við áfrýjanda. Henni var því bæði rétt og skylt að útkljá ráðningarmálið við hann, og krefjast þess að hann, sem hafði tjáð sig samþykkan samningnum, skrifaði undir hann, eða sýndi henni að hann hefði gjört það. Framburði áfrýjanda um, að það hefði verið annar samningur, sem nefndin kom með til undirskriftar, er mótmælt, og hann styðst eigi við neitt í málinu. Þess er og áður getið, að áfrýjandi bar opinberlega á nefndina, að hún hefði gjört sig seka í afglöpum, er gætu varðað skólann styrkmissi af almannafé, en fékst ekki til að segja hver þau afglöp væru; en þar sein það er óvefengt í málinu, að skilyrðum fyrir styrkveitingu í 23. gr. fræðslulaganna hafi verið fullnægt, öðrum en ákvæðinu um skriflegan samning við kennarann, er gild ástæða til að ætla, að afglöpin, er áfrýjandi bar á nefndina, hafi einmitt verið þau, að ráðningarsamningurinn við kennarann væri ófullgjörður. Til hins sama bendir hið óákveðna svar áfrýjandans til umsjónarmanns fræðslumálanna um þetta atriði. Áfrýjandi hefir að visu lagt fram samninginn undirskrifaðan af honum sjálfum og skólanefndinni og fullyrt að hafa skrifað undir hann, þegar eftir að hann fekk hann í hendur, en hann hefir ekki reynt að sanna þetta, sem honum eftir öllum málavöxtum þó bar að gjöra, en hin tvíræða og hikandi framkoma hans, að því er þetta málsatriði snertir, bendir í gagnstæða átt, og styður framburð hinna stefndu um að áfrýjandi

hafi eigi undirskrifað samninginn fyrir en um það leyti, er mál þetta var höfðað. Það verður eftir þessu eigi talið sannað, að ráðningarsamningurinn 2. okt. 1908 hafi verið fullgjörður og skuldbindandi fyrir semjendur, þegar áfryjandi meðtók uppsögn nefndarinnar 15. ág. 1909, svo að hann hafi átt rétt á 7 mánaða uppsagnarfresti samkvæmt þeim samningi. En þótt svo hefði verið, breytir það ekki horfun málsins, því að það verður að telja sannað, bæði með vitnaskýrslum um hreppsfundinn 6. júní 1909 og skýrslu umsjónarmanns fræðslumálanna, að áfryjandi hafi lýst því yfir opinberlega, svo að hinir stefndu gátu ekki leitt það hjá sér, að hann gæti ekki unnið saman við skólanefndina, sem þá var, enda verður að telja það vafalaust, að áfryjanda og öðrum hlutaðeigendum hafi verið það ljóst eftir fundina 31. maí og 6. júní, að úr því mundi samvinna milli hans og nefndarinnar ekki geta lánast. En eftir því sem fram er komið í málinu verður eigi betur séð, en að áfryjandi hafi aðallega átt sök á því, að svo var komið. Hann kærði skólanefndina fyrir hreppsnefnd, og gaf í skyn á hreppsfund, að hún hefði gjört afglöp, er gætu svipt skólann landssjóðsstyrk, og hafði hótanir í frammi, en hvorki þá né síðar hefir hann sýnt fram á, að þessar kærur ættu við rök að styðjast. Úmrædd yfirlýsing áfryjanda og andróður hans gegn skólanefndinni út af fyrir sig, og þó að samningurinn 2. okt. hefði verið í lagi, álitzt því hafa veitt nefndinni næga heimild til að segja áfryjanda upp kenslustarfinu eins og hún gjörði, og án þess neinn uppsagnarfrestur kæmi til greina, og þar sem áfryjandi heldur því fram, að uppsögn nefndarinnar 15. ágúst sýni þó, að hún hafi þá eigi talið hann lausan við skólann, þá þarf eigi að leggja frek-

ari þýðingu í uppsögnina en þá, að nefndin hafi viljað láta áfrýjanda tvímælalaust vita, að kensla hans við skólann yrði eigi lengur notuð.

Af framangreindum ástæðum ber því að taka til greina kröfu hinna stefndu um sýknun í málinu og staðfesta gestaréttardóminn, einnig ákvæði hans um málskostnað. Svo verður að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal 25 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna stefndu.

Út af kröfu áfrýjanda um ómerking nokkurra ummæla, sem við höfð eru um hann o. fl. í varnarskjölunum, og sektir fyrir þau, virðist eiga að dæma ómerk orðin »að froðufella af reiði«, en ekki þykir næg ástæða til að láta þau varða sekt.

Að því leyti sem málið er flutt með gjafvörn vottast, að rekstur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Sigurður Jónsson greiði kostnað málsins fyrir yfirdómi, eins og það væri eigi gjafvarnarmál, þar með taldar 25 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna stefndu, Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanns. Orðin »að froðufella af reiði« í varnarskjali talsmannsins 16. jan. þ. á. eiga að vera dauð og ómerk.

Ídæmdan kostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.